

Hafnarfjarðarbær
b.t. Umhverfis- og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfirði

Hafnarfjörður, 14. júlí 2016

Grenndarkynning á tillögu að breyttu deiliskipulagi við Hellubraut 5 og 7

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar dagsett 1. júlí 2016 (málsnr. 1508148) þar sem fram kemur að tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Hellubraut 5 og 7 verði grenndarkynnt dagana 6. júlí til 17. ágúst.

Umrætt tímabil fellur saman við sumarfrí lóðarhafa og hefur það áhrif á aðstöðu þeirra til þess að kynna sér málið svo vel megi vera. Auk þess má ætla að opinberar stofnanir og einkaaðilar sem einstaka lóðarhafar þurfa að leita til vegna ýtarupplýsinga séu einnig í fríi á þessu tímabili.

Þetta mál á sér langan aðdraganda, það er umfangsmikið og því mikilvægt að málið fái faglega og vandaða málsmeðferð.

Á þessum grundvelli óska neðgangreindir lóðarhafar eftir því að frestur til að skila inn athugasemdum sé framlengdur um 30 daga, eða til 16. september 2016.

Virðingarfyllt,



Úlfar Brynjarsson (Hamarsbraut 4)




Kristinn Magnússon (Hellubraut 3)



Sölvi Sveinbjörnsson (Hamarsbraut 6)



Einar Pálsson (Hellubraut 9)



Jakob Már Ásmundsson (Hamarsbraut 8)